

# SKÓLAREGLUR

## SAMSKIPTI

Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Í því felst að:

- Við erum góðar fyrirmyndir og sýnum hvort öðru virðingu og tillitsemi
- Við sýnum góðvild, erum kurteis og förum eftir fyrirmælum starfsmanna
- Við hjálpumst að við að hafa vinnufrið
- Við virðum skóla- og bekkjarsáttmála
- Við beitum hvorki andlegu né líkamlegu ofbeldi

## NÁMSGÖGN

Námsgögn eru mikilvæg og eiga alltaf að vera til staðar

Í því felst að:

- Við mætum með skólatöskur og viðeigandi námsgögn í kennslustund.
- Við mætum með viðeigandi sundföt og handklæði í sund.
- Við mætum með íþróttaföt í íþróttir.
- Við göngum vel um námsgögnin okkar, skólans og annarra.
- Við göngum frá eftir okkur.

## SNJALLTÆKJA-NOTKUN

Við látum ekki snjalltæki trufla okkur í námi en nýtum kosti þeirra. Fellaskóli er símalaus Skóli.

Í því felst að:

- Fellaskóli er símalaus skóli. Snjallúr er líka sími. Nemendur mega ekki nota síma / snjallúr á skólatíma, hvorki á skólalóð né í skólahúsnæði.
- Nemendur yngra stigs geyma síma hjá kennurum.
- Allir nemendur eldra stigs hafa aðgang að skápum þar sem þeir geta geymt verðmæti.
- Við tökum hvorki myndir né myndskaið af starfsfólki og nemendum án leyfis .
- Við dreifum ekki myndum og myndskaiðum af starfsfólki og nemendum án leyfis.

## UMGENGNI

Við göngum vel um skólann okkar og skólalóðina

Í því felst að:

- Við látum eiga skólans og eiga annarra í friði
- Við göngum frá eftir okkur, hendum rusli í ruslafötur og hjálpumst að við að halda skólanum snyrtilegum
- Við förum úr útiskóm í anddyri og röðum í skóhillur
- Við göngum hljóðlega á milli staða og forðumst óþarfa ráp
- Við höldum okkur innan skólalóðar á skólatíma nema um annað sé samið
- Við notum ekki hjól, bretti, hlaupahjól eða vélhjól (vespur) á skólatíma og á skólalóð

## HEILBRIGÐAR LÍFSVENJUR

Við hugsum vel um okkur sjálf

Í því felst að:

- Við notum ekki tóbak, rafrettur, áfengi, púða og önnur vímuefni.
- Við komum með hollt nesti í skólann.
- Við mætum vel úthvíld í skólann.
- Við komum ekki með orkudrykki, gosdrykki, snakk eða sælgæti í skólann nema um annað sé samið.

## SKÓLA- OG BEKKJARSÁTTMÁLI

Allir skipta máli og eru mikilvægir

Í því felst að:

- Við gerum sameiginlegan skólasáttmála, út frá skólareglum, í upphafi skólaárs
- Við gerum bekkjarsáttmála með okkar bekk í upphafi skólaárs

Skólareglur gilda á öllum viðburðum á vegum skólans.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum sínum, skólans, starfsfólks eða skólafélaga.

Reykjavíkurborg tekur ekki ábyrgð á eignum nemenda.